

**37. fundur Fræðslu- og frístundanefndar Fjallabyggðar
haldinn í Ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði
mánudaginn 6. mars 2017 og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

S. Guðrún Hauksdóttir, formaður, D lista
Kristján Hauksson, aðalmaður, D lista
Hilmar Þór Hreiðarsson, aðalmaður, S lista
Kristinn Kristjánsson, aðalmaður, F lista
Róbert Grétar Gunnarsson, deildarstjóri fræðslu- frístunda- og menningarmála

Fundargerð ritaði: Róbert Grétar Gunnarsson, Deildarstjóri fræðslu, frístunda og menningarmála.

Áheyrnarfulltrúi B lista, Jón Valgeir Baldursson mætti ekki og boðaði ekki varamann.

Sæbjörg Ágústsdóttir S lista, boðaði forföll en enginn mætti í hennar stað.

Fyrir var tekið:

1. 1702034 - Ráðstefna um jafnrétti í skólastarfi

Jafnréttisstofa og miðstöð skólaþróunar á Akureyri auglýsa eftir áhugaverðu efni til að kynna á: Ráðstefnu um jafnrétti í skólastarfi, sem haldin verður í Háskólanum á Akureyri 1.apríl 2017. Samkvæmt námsskrá nær jafnrétti til: kyns, kynhneigðar, kynvitundar, menningar, litarháttar, ætternis, þjóðernis, tungumáls, trúarbragða, lífsskoðana, fötlunar, stéttar, búsetu og aldurs.

Lagt fram til kynningar.

2. 1702046 - Innleiðing á nýjum námsmatskvarða við lok grunnskóla

Mennta og menningarmálaráðuneytið áréttar að frá og með vori 2017 skulu allir grunnskólar með 10.bekk hafa lokið innleiðingu á nýjum námsmatskvarða A-D við lok 10.bekkjar grunnskóla. Ráðuneytið ítrekar jafnframt að skólar skulu ekki nota vörpun við einkunnagjöf, þ.e. umreikna einkunnir yfir í tölur yfir í bókstafina A-D. Fundarmenn óska eftir því að deildarstjóri fræðslu, frístunda og menningarmála kanni stöðu mála varðandi námsmatskvarða hjá Grunnskóla Fjallabyggðar og leggi fyrir nefndina.

3. 1703007 - Umsókn um nám utan lögheimilissveitarfélags

Sótt er um nám utan lögheimilissveitarfélags við Brekkuskóla á Akranesi út skólaárið 2016-2017.

Nefndin samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti.

4. 1703003 - Ungt fólk og lýðræði 2017

Dagana 5.-7. apríl nk. mun Ungmennaráð Íslands (UMFÍ) standa fyrir ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár er "EKKI BARA FRAMTÍÐIN - UNGT FÓLK LEIÐTOGAR NÚTÍMANS".

Rástefnan fer að þessu sinni fram á Hótel Laugabakka í Miðfirði.

Nefndin vísar erindinu til umfjöllunar í ungmennaráði.

5. 1703005 - Gerð viðmiða um gæði frístundastarfs

Þann 2.júní 2016 samþykkti Alþingi lagafrumvarp að breytingu að lögum um grunnskólann á þann hátt að á eftir 33.gr. laganna kemur ný grein, 33.gr.a. Í þessari nýju grein er kveðið á um það, að öllum börnum í yngri árgöngum (1.-4.b) skuli gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Ráðuneytið hefur skipað verkefnisstjóra fyrir innleiðinguna og er nú unnið að gerð viðmiða um gæði frístundastarfs, þ.m.t. hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks. Nefndin leggur til að deildarstjóri fræðslu, frístunda og menningarmála leyti eftir umsögn skólastjóra um þessi mál.

Að loknum þessum dagskrárlið véc Katrín Freysdóttir áheyrnarfulltrúi foreldrafélags Grunnskóla Fjallabyggðar af fundi.

6. 1701091 - Samningur um rekstur skíðasvæðisins í Tindaöxl

Undir þessum dagskrárlið véc Kristján Hauksson af fundi.

Skíðafélag Ólafsjarðar hefur lokið umsagnarferli sínu á samningnum sem liggur fyrir.

Nefndin samþykkir ofangreindan samning með áorðnum leiðréttingum. Nefndin vísar afgreiðslu þessa máls til bæjarráðs.

7. 1701084 - Samningur við KF vegna knattspyrnuvalla

Knattspyrnufélag Fjallabyggðar hefur lokið umsagnarferli sínu á samningnum sem liggur fyrir.

Nefndin samþykkir samninginn með áorðnum breytingum og vísar samningnum til bæjarráðs.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.